

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Suður-Mjódd.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 9. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Íbúðarsvæði í Suður-Mjódd (Árskógar) stækkar um 1 ha á kostnað opins svæðis til sérstakra nota. Á svæðinu er gert ráð fyrir 100 íbúðum.
2. Skilgreint er nýtt miðsvæði (M7) um 4,5 ha að stærð meðfram Álfabakka á kostnað opins svæðis til sérstakra nota og athafnasvæðis.
3. Skilgreindur er nýr þéttingarreitur, nr. 23 á 5. mynd í greinargerð I, í Suður-Mjódd þar sem gert ráð fyrir um 100 nýjum íbúðum fyrir eldri borgara.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. desember 2008.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*